

Fimmtudaginn 19. desember 1991.

Nr. 425/1989. **Osta- og smjörسالan sf.**

(Hreinn Loftsson hdl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands

(Reynir Karlsson hdl.).

Tékkar. Bankastofnanir. Endurkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu hinn 26. október 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér 2.670.907,90 krónur með 49,2% ársvöxtum frá 19. september 1988 til 1. október sama ár, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 3. nóvember sama ár og ársvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 19. september 1989, í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi höfðaði áskorunarmál á hendur áfrýjanda til heimtu skuldar samkvæmt þeim tveimur tékkum, sem þetta mál er risið af. Það mál var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 13. september 1988. Hinn 19. sama mánaðar greiddi lögmaður áfrýjanda stefnda höfuðstól tékkanna með fyrirvara um greiðsluskyldu og áskilnaði um endurkröfu í dómsmáli. Í framhaldi þessa uppgjörs var framangreint bæjarþingsmál hafið 27. september 1988.

Áfrýjandi reisir málatilbúnað sinn í fyrsta lagi á því, að eftir innlausn sína á umræddum tékkum hafi stefndi ekki verið tékkhafi í skilningi laga um tékka nr. 94/1933. Fyrra málið hafi því ekki verið tékkamál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í öðru lagi hafi stefndi ekki gert áfrýjanda grein fyrir innstæðuleysi tékkanna í samræmi við ákvæði tékkalaga um fresti. Í þriðja lagi hafi Kristján Snorrason, fulltrúi stefnda, gefið

þá yfirlýsingu 17. febrúar 1988 að höfðu samráði við bankastjóra, að tékkarnir væru eða yrðu í lagi. Með þessu hafi stefndi í reynd viðurkennt tékkana. Verði ekki á framangreindar málsástæður fallist, er því haldið fram í fjórða lagi, að stefndi hafi fyrirgert með tómlæti öllum rétti á hendur áfrýjanda vegna tékkanna.

Hinir umræddu tékkar voru ekki endursendir í skilningi tékkalaga, þegar í ljós kom við meðferð þeirra í greiðslujöfnunarstöð, að þeir voru innstæðulausir. Ósannað er, að áfrýjandi hafi fengið örugga vitneskju um innstæðuleysi tékkanna fyrr en í byrjun júní 1988, um það bil fjórum mánuðum eftir sýningu þeirra. Þá endursendi stefndi innlausnarbankanum ekki hina umræddu tékka samkvæmt heimild í reglum samvinnunefndar banka og sparisjóða um tékkaviðskipti frá árinu 1983. Samkvæmt þessu verður að meta það svo, að stefndi hafi innleyst tékkana.

Stefndi lokaði ekki tékkareikningi verslunarinnar Víðis sf. fyrir en 22. mars 1988, rúmum mánuði eftir innlausn síðari tékkans. Fram að þeim tíma var reikningurinn undir forræði reikningshafans, sbr. dóm Hæstaréttar 17. apríl 1991 í máli nr. 336/1989.

Verslunin Víðir sf. var tekin til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 22. apríl 1988. Stefndi lýsti kröfu í búið vegna umræddra tékka, og er ekki annað í ljós leitt en sú krafa hafi verið eigin krafa hans.

Samkvæmt framansögðu átti stefndi ekki lögvarða kröfu á hendur áfrýjanda vegna margnefndra tékka, er fyrirnefnt mál var höfðað.

Með vísan til þess í heild, sem að framan er rakið, ber að dæma stefnda til að endurgreiða áfrýjanda kröfufjárhæð málsins með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en í málinu er ekki ágreiningur um fjárhæðir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 250.000 krónur, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, greiði áfrýjanda, Osta- og smjörölunni sf., 2.670.907,90 krónur með 49,2% ársvöxtum frá 19. september 1988 til 1. október sama ár, 33,6% ársvöxt-

um frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 3. sama mánaðar og ársvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 19. september 1989.

Stefndi greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bærjupings Reykjavíkur 19. september 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. september sl., er höfðað fyrir bærjupinginu af Osta- og smjöröslunni sf., kt. 500269-0149, Bitruhálsi 2, Reykjavík, á hendur Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 2.670.907,90 kr., ásamt 49,2% ársvöxtum frá 19. september 1988 til 1. október s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en ársvöxtum skv. 10. gr. 1. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 19. september 1989, allt í samræmi við 12. gr. 1. nr. 25/1987. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, sbr. málskostnaðarreikning, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að matvöruverslunin Víðir sf., Mjóddinni, hafi greitt stefnanda vegna vörukaupa með tveimur ávísunum, svohljóðandi:

Ávísun að fjárhæð 1.300.000 kr., út gefin 10. febrúar 1988 af Matthíasi Sigurðssyni f. h. Víðis til Osta- og smjöröslunnar sf. Tékkinn hafi verið á eyðublaði nr. 3800122 til greiðslu af tékkareikningi nr. 878 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka. Þennan tékka hafi Osta- og smjöröslan sf. framselt 15. febrúar s. á. til Samvinnubankans, aðalbanka. Tékki þessi hafi síðan reynst innstæðulaus við sýningu í reikningsbanka á innlausnardegi.

Tékki að fjárhæð 1.370.907,90 kr., út gefinn 16. febrúar 1988 af

Matthíasi Sigurðssyni f. h. Viðis til Osta- og smjörslunnar sf. Tékkin hafi verið á eyðublaði nr. 3800121 til greiðslu af tékkareikningi nr. 878 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka. Þennan tékka hafi Osta- og smjörslan sf. framselt og innleyst í Samvinnubankanum, aðalbanka, 16. febrúar 1988. Tékki þessi hafi einnig reynst innstæðulaus við sýningu í reikningsbanka á innlausnardegi.

Vegna fyrri reynslu stefnanda af versluninni Viði sf. hafi verið fylgst með innstæðum þessara tveggja ávísana af þeirra (sic) hálfu við reikningsbankann, og hafi í þeim efnum verið haft samband við gjaldkera í þeim banka. Á meðan ekki hafi verið gefið grænt ljós á (sic) þessar tvær ávísanir, hafi verið lokað fyrir frekari reikningsviðskipti Viðis sf. við stefnanda. Hinn 17. febrúar 1988 hafi Kristján Snorrason, fulltrúi hjá stefnda, upplýst stefnanda um, að ávísanir þessar myndu verða í lagi. Hafi í framhaldi af þeim upplýsingum verið opnað fyrir viðskipti Viðis sf. að nýju.

Í byrjun júní sama ár hafi áður nefndur Kristján Snorrason haft samband við stefnanda og tilkynnt honum, að ofangreindir tékkar væru innstæðulausir, og jafnframt, að stefndi myndi krefja stefnanda um andvirði þeirra. Á öllum þeim tíma, sem liðinn hafi verið, frá því að stefnandi var upplýstur um, að ávísanirnar væru í lagi, hafi aldrei borist nein tilkynning, hvorki bréfluga né munnlega, frá stefnda um innstæðuleysi nefndra ávísana. Á því tímabili hafi útgefandi ávísananna verið úrskurðaður gjaldþrota. Í viðræðum við stefnda um þetta mál hafi stefnandi ekki talið sér skylt að greiða, en því hafi verið svarað með stefnu frá stefnanda, út gefinni 4. ágúst 1988, þar sem stefndi krafði stefnanda um greiðslu á báðum tékkunum. Rætt hafi verið við stefnda um að fá þá að koma að vörnum í þessu tékkamáli, en því hafi verið hafnað. Hafi því verið brugðið á það ráð að greiða nefnda skuld, og 19. september 1988 hafi hún verið greidd, þ.e. 2.670.907,90 kr., sem nemur stefnufjárhæð. Hafi það verið greitt með fyrirvara um greiðsluskyldu, og jafnframt hafi verið settur fram áskilnaður um að endurkrefja fjárhæð þessa í dómsmáli.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Á því sé byggt, að stefndi hafi ekki átt lögmæta kröfu á hendur stefnanda, og því beri honum að endurgreiða það fé, sem honum var greitt. Stefndi hafi aldrei verið tékkhafi í skilningi tékkalaga nr. 94/1933. Tékki sé greiðsluskjal, en ekki lánsskjal. Eftir að tékki hafi verið innleystur af greiðslubanka, sem hafi verið stefndi í þessu tilviki, eigi umferð tékkans að vera lokið. Sé það beinlínis tekið fram í 3. mgr. 15. gr. tékkalaga, að framsal frá greiðslubanka sé ógilt. Jafnframt í 5. mgr. sömu greinar sé tekið fram, að framsal til greiðslubanka sé einungis gilt sem kvittun. Greiðslubankinn, þ.e. stefndi, sé því ekki tékkhafi í skilningi tékkalaga. Hann hafi

Því ekki átt lögvarinn rétt á hendur stefnanda skv. 40. og 44. gr. tékkalaga til þess að krefja um fullnustu umræddra tékka. Samkvæmt ofansögðu hafi stefndi engan rétt átt samkvæmt umræddum tékkum á hendur stefnanda. Stefnandi hafi greitt, þar sem hann taldi sér það þá skylt vegna sérreglna um tékkamál, en jafnframt hafi verið greitt með fyrirvara um, að sama fjárhæð yrði endurkrafin í dómsmáli. Með tilvísun til ofanritaðs verði að telja stefnda skylt að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð, sem að framan greinir.

Þá sé einnig á því byggt, verði ekki fallist á framangreind lagarök, að réttur stefnda á hendur stefnanda hafi fallið niður á grundvelli tómlætis. Það tómlæti stefnda að upplýsa stefnanda ekki um innstæðuleysi tékkanna hljóti að leiða til réttarmissis hans á hendur stefnanda. Í þeim efnum sé vísað til réttarverkana tómlætis innan kröfuréttarins.

Í þriðja lagi sé á því byggt, að með yfirlýsingu Kristjáns Snorrasonar, fulltrúa stefnda, 17. febrúar 1988 til stefnanda um það, að ávísanirnar væru í lagi, hafi bankinn fallið frá frekari kröfum á hendur stefnanda. Jafnframt verði hún ekki skilin öðruvísi en svo, að ávísanirnar hafi verið í lagi og þar með allur réttur samkvæmt nefndum tékkum fallið niður.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður málavexti horfa þannig við sér, að bæði fyrir og eftir innlausn tékkanna hafi starfsmenn stefnda fengið upphringingar frá stefnanda, þar sem spurst hafi verið fyrir um innstæðu fyrir tékkunum. Aldrei hafi af hálfu stefnda verið staðfest, að lagt hefði verið inn fyrir þeim.

Síðan svonefnd „skjallaus greiðsluskipti“ voru tekin upp á milli bankastofnana á höfuðborgarsvæðinu 10. júní 1987, geti greiðslubanki almennt ekki vitað, hverjir séu framseljendur á innstæðulausum tékka aðrir en innlausnarbanki, þar sem tékkinn liggja hjá honum. Þegar liðnir séu fimm dagar frá innlausn instæðulauss tékka, skrifi Reiknistofa bankanna, þ.e. greiðslu- jöfnunarstöð, út tilkynningar til framseljanda. Fá innlausnarbanki þær að morgni sjötta dags og geti fyllt út nafn og heimilisfang framseljanda og sent honum. Með þessum hætti sjái bankarnir og Reiknistofan um að fullnægja tilkynningarskyldu skv. 42. gr. 1. tékkalaga. Reiknistofan sendi tilkynningu til innlausnarbankans fyrir reikningsbankann, sem þá sé tékkhafi. Innlausnarbankanum, sem geymi tékkann, beri síðan að senda hana áfram til framseljanda.

Samkvæmt þessu geri stefndi ráð fyrir því, að Samvinnubanki Íslands hf., aðalbanki, hafi sent stefnanda slíka tilkynningu um innstæðuleysi hinn 16.2. 1988 varðandi fyrri tékkann og 21.2. 1988 varðandi hinn síðari.

Af eftirgrenslunum stefnanda símleiðis hafi og verið ljóst, að honum væri fullkunnugt um, að tékkarnir væru innstæðulausir.

Innheimtuaðgerðir af hálfu stefnanda gagnvart Víði sf. hafi ekki borið árangur, og hafi bú félagsins og eiganda þess verið tekið til gjaldþrotaskipta 22.4 1988. Tékkakröfunni hafi í framhaldi af því verið lýst í bú þess. Sú krafa hafi jafnframt verið gerð á hendur stefnanda í máli þessu, að hann leysti tékkana til sín, þar sem hann hefði tekist á hendur ábyrgð á þeim með framsali sínu. Hafi Stefán Pálsson, bankastjóri stefnda, tvívegis rætt við Óskar H. Gunnarsson, framkvæmdastjóra stefnda, um þetta og gert honum það tilboð, að stefnandi myndi ljúka málinu með greiðslu á höfuðstól tékkanna. Þetta hafi dregist, og hafi stefndi að lokum séð sig knúinn til þess að höfða mál til innheimtu þeirra með útgáfu stefnu 4.8. 1988. Hafi það mál verið þingfest 13.9. 1988, en síðar hafið, þar sem lögmaður stefnanda í máli þessu hafi komið á skrifstofu lögfræðings stefnda 19.9. 1988 og gert kröfuna upp í samræmi við fyrra tilboð bankastjórans. Auk þess sem fallið hafi verið frá dráttarvöxtum, hafi hvor aðili fyrir sig borið sinn kostnað af dómsmálinu. Þegar lögmaður stefnanda greiddi tékkaskuldina, hafi hann ritað fyrirvara á kvittun þá, sem lögfræðingur stefnda afhenti honum.

Málsástæður stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á eftirtöldum málsástæðum:

Að með greiðslu 19.9. 1988, sem barst frá lögmanni stefnanda, hafi þeim ágreiningi verið lokið, sem dæma hefði mátt um í því máli, sem stefndi höfðaði með útgáfu stefnu 4. ágúst 1988. Þrátt fyrir það að stefnandi hafi ritað fyrirvara á kvittun þá, sem honum var afhent fyrir greiðslunni, geti það ekki veitt honum rétt til þess að skipta um skoðun varðandi réttarstöðu sína gagnvart stefnda.

Sérstaklega sé á það bent af hálfu stefnda, að greiðsla stefnanda 19.9. 1988 hafi verið gerð á grundvelli þess, að hann gekk að því tilboði bankastjóra stefnda, að hann fengi að greiða höfuðstól tékkafjárhæðanna án allra dráttarvaxta, auk þess sem stefndi féll frá innheimtuþóknun skv. gjaldskrá LMFÍ. Nú sé það hins vegar komið upp, að hann höfði mál til endurheimtu hinnar greiddu fjárhæðar á grundvelli málsástæðna, sem hann hefði allar getað borið fyrir sig sem varnir í tékkamáli því, sem stefndi höfðaði. Af greinargerð stefnanda virðist mega ráða, að hann hafi ekki gert ráð fyrir því, að varnir hans myndu halda í tékkamáli. Því hafi hann fallist á að greiða gegn lækkun af hálfu stefnanda. Nú hafi stefnandi hins vegar séð sig um hönd, jafnvel þótt staðreyndir málsins hafi legið ljósar fyrir hinn 19.9. 1988 og séu nú óbreyttar. Því virðist sem breyttur skilningur hans á tékkalögunum valdi því, að hann vilji ekki lengur standa við ofangreind málalok.

Verði stefndi dæmdur til endurgreiðslu, valdi það honum miklum óþæg-

indum og röskun, þar sem um háa fjárhæð sé að ræða. Enginn aðili geti ætlast til þess að geta greitt kröfu með afslætti, jafnvel þótt með fyrirvara sé, og geta síðar gengið frá því samkomulagi, sem í slíku felist, án þess að nokkrar nýjar staðreyndir liggi fyrir, sem breyti réttarstöðu aðilanna. Eigi þetta sérstaklega við um það ágreiningsefni, sem hér liggi fyrir. Stefnandi sé stórt fyrirtæki með langa reynslu í viðskiptalífínu og hafi þar að auki haft lögmann til að gæta hagsmuna sinna, þegar greiðslan til bankans var innt af hendi. Það sé augljóslega óviðunandi frá almennu þjóðfélagslegu sjónarmiði og mjög íþyngjandi fyrir dómstólana, komist jafnvel slíkir aðilar upp með það að greiða kröfu gegn afslætti til að ljúka dómsmáli til þess eins að geta verið sóknar megin í nýju máli án þess að hafa nokkuð það nýtt fram að færa, sem ekki hefði komist að sem vörn í fyrra málinu.

Stefndi gerir athugasemd við þversögn í greinargerð stefnanda. Fyrst sé sagt í málavaxtalýsingu, að Kristján Snorrason, deildarstjóri í innlánadeild aðalbanka Búnaðarbankans, hafi upplýst stefnanda um, að ávísanirnar yrðu í lagi, sem geti aðeins þýtt, að hann hafi búist við, að reikningshafinn myndi leggja inn fyrir þeim. Á bls. 3 í stefnu reisi stefnandi hins vegar málsástæðu á því, að Kristján Snorrason hafi sagt, að ávísanirnar væru í lagi. Stefndi mótmælir eindregið þeirri rangtúlkun á málavöxtum, sem fram komi í rökstuðningi stefnanda, enda grundvallarmunur á því, hvernig sögnin „að vera“ sé notuð við slíkar kringumstæður.

Fyrirnefndur starfsmaður stefnda hafi aðeins verið að veita upplýsingar um líkur á því, að reikningshafinn myndi leggja inn, en ekki að taka neina ábyrgð á, að hann myndi gera það. Slíkt felist ekki heldur í stöðuumboði hans, eins og starfsmönnum stefnanda megi vera fullkunnugt um.

Þá byggi stefndi á því, að réttur hans skv. tékkalögum á hendur stefnanda sem framseljanda á tveimur tékkum hafi, hvað sem öðru líði, verið til staðar, þegar málsókn hans á hendur stefnanda þessa máls féll niður vegna greiðslu hans á höfuðstól dómkrafnanna. Hvergi sé tekið fram í tékkalögum, að greiðslubankinn sé útilokaður frá því að geta innheimt tékka í tékkamáli. Íslenskt bankakerfi geri og ráð fyrir því, að hann geti komið fram sem slíkur, þegar tékki berist til hans frá öðrum banka um Reiknistofu bankanna. Við slíka „clearing“, sem jafngildi sýningu, sbr. 31. gr. tékkalaga, verði greiðslubankinn ávallt tékkhafi, hvort sem innstæða sé til fyrir viðkomandi tékka eða ekki. Sérstaklega sé bent á, að það sé ávallt ljóst við „clearinguna“ sjálfa, þ.e. að kvöldi innlausnardags, hvort innstæða sé eða ekki. Sé hún engin, sé tékkinn skuldfærður á svonefndan „færslureikning innstæðulausra tékka“ í reikningsbankanum, sem í daglegu tali sé nefnur „FIT“, en ekki á reikning útgefandans. Samkvæmt innbyrðis samningi viðskiptabankanna hafi greiðslubankinn tíu daga til að ákveða það, hvort hann skuldfæri tékkann til baka á innlausnarbankann

með einhliða færslu um Reiknistofu bankanna eða hvort hann innheimti hann sjálfur, eins og stefndi kaus að gera.

Verði að skýra þau ákvæði tékkalaganna, sem stefnandi vitni til í greinargerð sinni, með hliðsjón af 31. gr. Væri skilningur stefnanda lagður til grundvallar, hlyti það að leiða til þess, að tékkaréttur félli niður á öllum þeim tékkum, sem greiðslubankar fái frá öðrum bönkum, því að við „clearing“ hafi þeir ekki möguleika til að neita því að greiða, ef innstæða sé ekki til staðar. Aðstæður séu því allt aðrar en þegar komið sé með tékkann sjálfan til reikningsbankans.

Þá sé skilningur stefnda á 3. mgr. 15. gr. tékkalaganna, þegar hún sé skýrð með hliðsjón af 31. gr. sömu laga, að hún eigi aðeins við, áður en sönnun greiðslufalls eigi sér stað, enda hafi framsal á tékka allt önnur réttaráhrif eftir það tímamark, sbr. 24. gr. sömu laga.

IV.

Niðurstaða.

Fyrirvari sá, sem stefnandi setti á greiðslukvittunina, er almenns eðlis og lýtur einungis að því, að stefnandi áskilur sér rétt til að höfða endurkröfumál á hendur stefnda, en ber ekki sérstaklega með sér, á hvaða forsendum.

Eftirfarandi málsástæður, sem stefnandi hefur uppi í máli þessu, þ.e. annars vegar, að stefndi hafi ekki verið tékkhafi að lögum, og hins vegar tómlæti stefnda við tilkynningu á greiðslufalli tékkanna, eru hvor tveggja atriði, sem hann mátti hafa uppi sem vörn í tékkamáli, þegar umrætt tékkamál var höfðað.

Þar sem framangreindur fyrirvari laut ekki sérstaklega að þessum málsástæðum og þar sem annað er ósannað, verður að líta svo á, að með greiðslunni hafi stefnandi fallist á greiðsluskyldu sína samkvæmt reglum tékkaréttar. Verður því ekki á það fallist, að hann geti nú haft uppi þær málsástæður, sem honum áttu vera fullkunnugar, þegar greiðslan fór fram, og hann gat borið fyrir sig þá.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að yfirlýsing Kristjáns Snorrasonar, fulltrúa stefnda, 17. febrúar 1988 um það, að ávísanirnar væru í lagi, leiði til þess, að þar með hafi bankinn fallið frá öllum frekari kröfum á hendur stefnanda. Jafnframt hafi allur réttur samkvæmt tékkunum fallið niður við yfirlýsinguna.

Kristján Snorrason gaf skýrslu fyrir dómi. Af framburði hans svo og öðrum gögnum málsins er ekki ljóst, hvort hann tjáði stefnanda, að umræddar ávísanir væru í lagi eða myndu verða í lagi, en hins vegar viðurkenndi hann að hafa gefið stefnanda yfirlýsingu á annan hvorn veginn.

Starfsmaður stefnanda, Karl Stefánsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að

fyrirspurn stefnanda um það, hvort ávísanirnar væru í lagi, hefði snúist um það, hvort óhætt væri að opna að nýju fyrir reikningsviðskipti við Víði sf., og hefði nefndum Kristjáni verið um það kunnugt.

Ekki verður á það fallist, að framangreind yfirlýsing deildarstjóra Búnaðarbankans, á hvorn veginn sem hún var, feli í sér, að þar með hafi bankinn tekið ábyrgð á hugsanlegum vanskilum tékkanna og afsalað sér þar með öllum kröfurétti á hendur stefnanda, kæmi til vanskila.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, Austurstræti 5, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Osta- og smjörölunnar sf., Bitruhálsi 2, Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
